



# Hótel Ísafjörður hf

## Gistináttaskattur 2024

Umsögn um lagafrumvarp um skatta og gjöld

468.mál

### Rúmlega tvöföldun á gistináttaskatti

Fyrir alþingi liggur fyrir tillaga um að hefja að nýju innheimtu á gistináttaskatti. Skatturinn var síðast lagður á fyrir heimsfaraldur en nú stendur til að leggja skattinn á með gjörbreyttu sniði.

Fyrir heimsfaraldur var gistináttaskattur 300 kr á hverja gistieiningu en nú er verið að leggja til 300 kr á hvern og einn gest í hverri gistieiningu. Er því verið að tvöfalda skattinn á hvert tveggja manna herbergi og fjórfalda í t.d. fjölskyldurherbergjum. En mikið er um að ferðamenn í litlum hópum nýti sér stærri herbergi s.s. fjölskylduherbergi eða þriggja manna herbergi.

### Endurreisn eftir heimsfaraldur

Heimsfaraldur beit sérstaklega illa á fyrirtæki í ferðaþjónustu. Þó svo að fjöldi ferðamanna hafi náð fyrri fjölda þá eru enn eftirköst eftir faraldurinn. Mörg fyrirtæki tóku stuðningslán sem og önnur lán og eru enn að greiða af þeim lánum. Tvöföldun gistináttaskatts mun hafa gríðarleg áhrif á mörg fyrirtæki sem eru hægt og sígandi eru að reyna að ná sér á strik. Skatturinn mun hægja verulega á endurreisn, greiðslu lána og skulda, nýsköpun og frekari fjárfestingum innan geirans.

### Eftirlit illframkvæmanlegt

“Reglugerð nr. 1277 frá 2016, með síðari breytingum gildir um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Í 6. gr. er kveðið á um að á gististað skal haldin skrá yfir næturgesti með upplýsingum um nafn, kennitölu eða fæðingardag, heimilisfang og þjóðerni. Þá skal vera til staðar afrit af gildum persónuskilríkjum til staðfestingar eða vegabréfsnúmer viðkomandi á gististöðum samkvæmt liðum a. - d. í 4. gr. þessarar reglugerðar. Skráin skal varðveitt í að minnsta kosti 12 mánuði og vera aðgengileg lögreglu þegar þess er óskað. Heimilt er að halda rafræna skrá”.

Höfundur frumvarpsins hefur líklega aldrei komið að starfsemi gististaða eða kerfum tengdum þeim. Ekki nóg með að skatturinn tvöfaldist í gjaldi þá mun rekstrarkostnaður

einnig aukast með tilkomu þessarar reglugerðar. Flest herbergi eru seld í gegnum internetið, í gegnum bókunarsíður þriðja aðila eða í gegnum ferðaskrifstofur. Í flestum þessara kerfa er ekki gerð krafa á að skrá nöfn allra gesta í herbergjunum hvað þá heldur óskað eftir gildum persónuskilríkjum eða vegabréfsnúmer. Ljóst er að þessi vinna mun að mestu leiti vera unnin við innritun sem mun gera innritu tímafrekara og mannaflsfrekari. Einnig má þá benda á að sjálfvirkar tæknilausnir við innritun munu líklega verða úreldar sem er veruleg afturför.

Ákvæði reglugerðarinnar um skráningu svo ítarlegra upplýsinga og að varðveita þær í 12 mánuði er í andstöðu við lög. Afrit af vegabréfi eru viðkvæmar persónugreinanlegar upplýsingar og séu þær skráðar verður að vista 3 þær í kerfi sem nýtur dulkóðunar af einhverju tagi. Fá ef einhver þeirra bókunarkerfa sem gististaðir hér á landi nota eru til þess bær að vista persónugreinanlegar upplýsingar með þeim hætti sem þessi úrelta reglugerð kveður á um. Skylt er samkvæmt lögum hér á landi að eyða svona upplýsingum innan 10 daga, sé þeim á annað borð safnað.

## Samantekt

Gistináttaskattur er vondur og illframkvæmanlegur skattur sem leggst á með ósanngjörnum hætti á hluta af fyrirtækjum í ferðapjónustu. Önnur borga ekki. Útilokað er að velta skattinum yfir á gesti og sitja því fyrirtækin upp með því að borga úr eigin vasa ef eitthvað er eftir í þeim vasa. Skatturinn mun koma í veg fyrir nýsköpun og frekari fjárfestingar í greininni. Hækkun á þessum skatti er líka með þeim ólíkindum að það á sér varla fordæmi.

Ef ríkissjóður þarf sértækan skatt af ferðapjónustu á árinu 2024 væri frekar að halda sig við eldra fyrirkomulag með álagningu á gístieiningu.

Virðingarfyllt

f.h Hótel Ísafjarðar

Kristján Þór Kristjánsson

Hótelstjóri